

Ósk um tilboð í raforkukaup félagsmanna í Neytendasamtökunum

Neytendasamtökin, kt. 480269-0559, óska hér með eftir tilboði í raforku fyrir félagsmenn sína. Félagsmenn eru um 8.000. Ekki er ljóst á þessari stundu hvað margir félagsmenn munu nýta sér kjörin og láta flytja sig yfir til þess raforkusala sem samið verður við. Neytendasamtökin munu leita eftir upplýstu samþykki hvers félagsmanns til þess að láta flytja hann yfir til þess raforkusala sem samið verður við ásamt umboði til Netorku til að kanna notkun og kennitölu mælastaðar. Neytendasamtökin eru þegar farin að kynna fyrirhugað útboð fyrir félagsmönnum og munu gera átak til þess að virkja sem flesta félagsmenn til þátttöku.

Um er að ræða almenna heimilisnotendur en notkun þeirra getur þó verið nokkuð mismunandi og breyst með breyttum aðstæðum og skal það ekki hafa áhrif á tilboðsverð.

Óskað er eftir formlegu tilboði í raforkukaup félagsmanna Neytendasamtakanna þar sem boðinn afsláttur kemur fram af verðskrá á hverjum tíma. Sami afsláttur skal vera fyrir alla.

Samningstími skal vera eitt ár 1. janúar til 31. desember 2016 og framlengjast um eitt ár í senn verði honum ekki sagt upp fyrir október ár hvert. Hækki verðskrá þess sem samið verður við hlutfallslega meira en einhvers annars sem þátt tekur í útboðinu er uppsögn samnings heimil með mánaðar fyrirvara.

Uppsagnarákvæði hvers og eins félagsmanns fer eftir ákvæðum raforkulaga, sem er einn mánuður talið frá næstu mánaðamótum eftir tilkynningu um uppsögn. Getur hver og einn félagsmaður sagt upp sínum raforkukaupum með símtali, tölvupósti, bréfasendingu eða öðrum sannanlegum hætti.

Hvorki Neytendasamtökin né félagsmaður bera ábyrgð á því verði félagsmaður við búsetuflutning eða af öðrum ástæðum fluttur til annars raforkusala.

Við val á tilboði verður lægsta tilboði tekið og samið við þann bjóðanda sem á það. Hagkvæmasta tilboð í þessu útboði er það boð sem er með lægsta einingarverð á almennum orkutaxta eftir að tekið hefur verið tillit til boðins afsláttar. Áskilinn er réttur til að hafna öllum tilboðum.

Viðskipti notenda verða flutt yfir til þess sem samið verður við jafnóðum og NS fær til þess umboð frá félagsmönnum og eins fljótt og uppsagnarákvæði á núgildandi raforkusamningum þeirra heimila en í langflestum tilvikum ætti uppsagnartími að vera 1 mánuður.

Gerð reikninga skal vera með þeim hætti að raforkusali sendir reikning/greiðslutilkynningu vegna raforkukaupa hvers mánaðar í heimabanka viðkomandi félagsmanns án kostnaðar.

Fyrir hönd Neytendasamtakanna annast Hagvangur ehf, kt: 581202-3690, öll samskipti við raforkusala vegna útboðsins og viðskipta í kjölfar þess. Í því felst að Hagvangur sér um útboðið, samningagerð í kjölfar þess (Neytendasamtökin undirrita samninginn), eftirlit með samningnum, tilkynningar um nýja notendur og annað eftir því sem við á. Með því að gera tilboð og samning í kjölfar þess skuldbindur raforkusali sig til þess að greiða Hagvangi umsýsluþóknun sem skal vera 2%+vsk af heildarviðskiptum fyrir afslátt. Ekki er heimilt að draga þessa þóknun frá afslætti samkvæmt tilboðinu.